



Fréttatilkynning: Hæsta einkunn sem mælt hefur

Garðbæingar eru ánægðari með þjónustu síns sveitarfélags en íbúar annarra sveitarfélaga sem Capacent Gallup hefur spurt. Í nýrri könnun sem Capacent vann fyrir Garðabæ sl. sumar fær Garðabær einkunnina 4,5 (á skalanum 1-5) þegar íbúar eru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með að búa í Garðabæ. Þetta er hæsta gildi sem mælt hefur í þjónustukönnunum sem Capacent Gallup hefur gert fyrir íslensk sveitarfélög frá árinu 2003.

Í heild eru niðurstöður könnunarinnar mjög jákvæðar og hefur einkunn flestra þátta sem spurt er um hækkað frá síðustu könnun sem gerð var fyrir bæinn árið 2005.



Greinilegt er að fólk er almennt mjög ánægt með uppvaxtarskilyrði fyrir börn í Garðabæ og mælist sú einkunn nú 4,2 en var 4,0 í síðustu könnun. Þegar spurt er um ánægju með starf leikskólanna í bænum er heildareinkunnin 4,1 (81,1% aðspurðra eru ánægð eða mjög ánægð með starfið en 3% segjast óánægt) en var 4,0 árið 2005. Starf grunnskólanna fær sömu einkunn og hefur hækkað úr 3,9 árið 2005. Þegar spurt er um einstaka þætti í starfi leik- og grunnskóla hefur einkunnin í svo til öllum tilfellum hækkað.

Ánægja með uppvaxtarskilyrði unglinga eykst

Árið 2005 reyndist nokkur munur á mati fólks á uppvaxtarskilyrðum barna og unglinga í Garðabæ, börnum í vil. Í nýju könnuninni hefur bilið þarna á milli minnkað og einkunnin mælist hærri í báðum tilvikum. Uppvaxtarskilyrði fyrir unglinga fá núna einkunnina 3,9 á mótí 3,7 árið 2005. Hluti skýringarinnar á því getur verið sú mikla ánægja sem kemur fram með starf félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar og aukin ánægja með forvarnastarf í bænum, en þung áhersla hefur verið lögð á það á undanförunum árum.

Af öðru sem fram kemur í niðurstöðum könnunarinnar má nefna að útivistarsvæðin í Garðabæ, utan þéttbýlis, njóta mikilla vinsælda en rúmlega 90% íbúa eru ánægð með þau og 72,2% hafa nýtt þau undanfarna 12 mánuði.

Spurning 1: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að búa í Garðabæ? (myndir úr skýrslu Capacent Gallup (bls. 22).



* Samanburður við niðurstöður annarra þjónustukannana sem Capacent Gallup hefur gert fyrir íslensk sveitarfélög síðan árið 2003.

Úrtakið í könnuninni var 2000 Garðbæingar 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 48%.

Báðar skýrslurnar, frá 2005 og 2008, eru aðgengilegar á vef Garðabæjar:

<http://www.gardabaer.is/Stjornsysla/Ibuakannanir>